

Nr. 24.
25.
oktbr.

Lög

um

leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landsjóðs.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á kostnað landsjóðs skal fyrst um sinn taka á leigu eimskip, er sje 400—600 smálestir (tons) netto að stærð og hafi farþegarúm fyrir 40—60 manns í æðra farrúmi og fyrir 30—40 manns í óæðra farrúmi. Allt sje skipið yfirbyggt, traust og vel útbúið, og hafi 10—12 mílna hraða á sjöttungi sólarhrings. Til leigugjalds fyrir slíkt skip svo og til nauðsynlegs kostnaðar við útgerð þess m. fl. má verja allt að 150,000 kr. á ári. Heimilt er farstjóra að leigja auk aðalskipsins annað skip um nokkurn hluta ársins, ef nauðsyn krefur, þó svo, að allur leigu- og útgerðarkostnaður fyrir bæði skipin fari eigi fram úr 170,000 kr. um árið.

Nú fæst eigi skip til leigu með aðgengilegum kostum, og skal þá á kostnað landsjóðs kaupa eimskip traust og vandað að allri gerð, er sje að minnsta kosti 600 smálestir (tons) netto að stærð og hafi farþegarúm fyrir að minnsta kosti 60 manns í æðra farrúmi og fyrir eigi færri en 40 manns í óæðra rúmi. Allt sje skipið yfirbyggt og að öllu vel útbúið, og hafi að minnsta kosti 11 mílna hraða á sjöttungi sólarhrings. Skipinu skal fylgja lítill eimbátur, er nota megi til flutninga að og frá skipinu á höfnum. Til þess að kaupa slíkt skip má verja allt að 350,000 kr.

2. gr.

Eimskip það, sem um ræðir í 1. gr., skal haft í förum milli Íslands og annara landa og kringum strendur landsins, til að flytja póstflutning, fólk og varning

Nr. 24. Lög 25. oktbr. um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landsjóðs.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

Lov

om

Befragtning eller Køb af et Dampfskib samt dets Drift for
Landskassens Regning.

Nr. 24.
25de
Oktbr.

**Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,**

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

For Landskassens Regning skal foreløbig fragtes et Dampfskib af 400—600 Tons Netto-Drægtighed med Plads til 40—60 Passagerer paa første Kahyt og 30—40 paa anden Kahyt. Skibet skal være fuldstændig overbygget, solidt og godt udrustet og sejle 10—12 Mil i Bagten. Til Befragtning af et saadant Skib og til nødvendige Udgifter ved dets Drift m. v. maa aarlig anvendes indtil 150,000 Kr. Foruden Hovedskibet har Driftsbestyreren Myndighed til, hvis det findes nødvendigt, for en Del af Aaret at fragte et andet Skib, dog saaledes at de samlede Befragtnings- og Driftsudgifter for begge Skibene ikke overstige 170,000 Kr. om Aaret.

Hvis et Skib ikke kan erholdes fragtet paa antagelige Vilkaar, skal der for Landskassens Regning købes et solidt og vel bygget Skib af i det mindste 600 Tons Netto-Drægtighed med Plads til i det mindste 60 Passagerer paa første Kahyt og 40 paa anden Kahyt. Skibet skal være fuldstændig overbygget og i enhver Henseende godt udrustet og sejle i det mindste 11 Mil i Bagten. Skibet skal være forsynet med en lille Dampbaad, der kan benyttes til Losning og Ladning paa Havnepladserne. Til Køb af et saadant Skib maa anvendes indtil 350,000 Kr.

§ 2.

Det i § 1 omhandlede Dampfskib skal gaa i Fa.t mellem Island og andre Lande og omkring Landets Kyster, medtagende Post, Passagerer og Gods, efter en af Drifts-

Nr. 24. samkvæmt ferðaáætlun, er farstjóri ákveður með ráði fargæzlumanna og landshöfðingi
25. samþykkir.
oktbr.

3. gr.

Öll útgjöld til útgerðar skipsins skal veita á fjárlögunum, enda renni allar tekjur þess í landsjóð.

4. gr.

Útvegum skipsins samkvæmt 1. gr. skal falin á hendur farstjóra með tilsjón landstjórnarinnar. Útgerð þess hefur farstjóri á hendi undir yfirumsjón fargæzlumanna. Farstjóri skal hafa skrifstofu í Reykjavík og er þar varnarþing hans í öllum þeim málum, er snerta farstjórnina. Ef farstjóri vegna sjúkdóms eða annara forfalla fær eigi um stund gegnt störfum sínum, setur landshöfðingi með ráði fargæzlumanna annan mann til að gegna störfum hans um stundarsakir.

5. gr.

Fargæzlumenn skulu vera tveir, og skal annar þeirra vera kosinn af efri deild alþingis, en hinn af neðri deild, hvor um sig til tveggja ára í senn. Deyi annarhvor þeirra milli þinga, eða fatlist á annan hátt, kýs landshöfðingi, með ráði hins, mann til bráðabirgða í hið auða sæti.

6. gr.

Með ráði fargæzlumanna skipar landshöfðingi farstjóra og víkur honum frá, þegar ástæða þykir til. Farstjóri setur hæfilegt veð eptir því, sem landshöfðingi ákveður.

7. gr.

Farstjóri annast ráðningu yfirmanna á skipið, farþjóna á skrifstofur sínar og fargreiðslumenn á þeim stöðum, er þurfa þykir, og ákveður laun þeirra. Hann ákveður og fargjald og farmeyri, verð á vistum og öllu, er þar að lýtur. Þó skal hann fá samþykki fargæzlumanna, að því er snertir laun, fargjald, farmeyri og allar verðskrár.

8. gr.

Farstjóri skal halda nákvæman reikning yfir öll útgjöld og allar tekjur skipsins, og rita hann í bók, sem landshöfðingi löggildir til þess. Fyrir marzmánaðarlok skal farstjóri hafa sent landshöfðingja nákvæman reikning með fylgiskjölum fyrir næstliðið almanaksár, er glögglega sýni allan fjárhag skipsútgerðarinnar. Reikningur þessi skal endurskoðaður af manni, sem hið sameinaða alþingi kýs til þess starfa til tveggja ára í senn; þvínæst úrskurðar landshöfðingi reikninginn. Fyrir endurskoðun reikningsins greiðist 500 kr. þóknun.

Að liðnum hverjum 4 mánuðum skal farstjóri þar að auki tímanlega í maí, september og janúarmánuðum ár hvert semja og senda landshöfðingja stutt yfirlit yfir útgerðina og fjárhag skipsins á hinum næstliðnu 4 mánuðum. Rita skulu fargæzlumenn vottorð sitt bæði á aðalreikninginn og yfirlitið.

Nr. 24. Lög 25. oktbr. um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landsjóðs.

bestyreren i Samraad med de tilsynshavende udarbejdet og af Landskhøvdingen approberet Nr. 24.
Fartplan.

25de
Oktbr.

§ 3.

Samtlige af Skibets Drift flydende Udgifter bevilges paa Finansloven. ligesom samtlige Indtægter tilflyde Landskassen.

§ 4.

Tilvejebringelsen af Skibet i Overensstemmelse med § 1 paahviler Driftsbestyreren under Regeringens Tilsyn. Driftsbestyreren, der forestaar Skibets Drift under de tilsynshavendes Overopsyn, skal have Kontor i Reykjavik, hvor hans Børneting er i alle Sager, som vedrøre Driftsbestyrelsen. Hvis Driftsbestyreren paa Grund af Sygdom eller andet Forsald midlertidig er ude af Stand til at varetage sit Hverv, konstituerer Landskhøvdingen efter Samraad med de tilsynshavende en anden til midlertidig at varetage hans Forretninger.

§ 5.

De tilsynshavende ere to og vælges den ene af Altingets øverste Afdeling, den anden af nederste Afdeling, for 2 Aar ad Gangen. Hvis en af dem dør mellem Altingets Sammenkomster eller paa anden Maade faar Forsald, antager Landskhøvdingen efter Samraad med den anden tilsynshavende midlertidigt en Mand i den første Sted.

§ 6.

Driftsbestyreren antages og affædiges, naar dertil findes Anledning, af Landskhøvdingen efter Samraad med de tilsynshavende. Driftsbestyreren stiller en passende Sikkerhed efter Landskhøvdingens Bestemmelse.

§ 7.

Driftsbestyreren antager Skibets Officerer, Personalet paa sine Kontorer samt Ekspeditører paa de Steder, hvor det findes nødvendigt, og bestemmer deres Lønning. Ligeledes fastsætter han Passager- og Fragttakst, Kostpenge og alt dertil hørende. Dog har han at indhente de tilsynshavendes Samtykke med Hensyn til Lønninger, Passager- og Fragttakst samt alle andre Takster.

§ 8.

Driftsbestyreren skal føre et nøjagtigt Regnskab over samtlige Skibets Indtægter og Udgifter, der indføres i en af Landskhøvdingen autoriseret Protokol. For Slutningen af Marts Maaned har han at indsende til Landskhøvdingen et nøjagtigt Regnskab med Bilag for det foregaaende Kalenderaar, som tydelig udbiiser Rederiets hele Status. Regnskabet revideres af en af det samlede Alting for 2 Aar ad Gangen valgt Revisor. Det reviderede Regnskab decideres af Landskhøvdingen. For Revisionen betales et Honorar af 500 Kr.

Effier hvert Tidsrum af 4 Maaneder skal Driftsbestyreren desuden aarlig i Begyndelsen af Maanederne Maj, September og Januar affatte og til Landskhøvdingen indsende en kort Oversigt over Skibets Drift samt Status i de foregaaende 4 Maaneder. Saavel det aarlige Regnskab som Oversigten skulle attesteres af de tilsynshavende.

Nr. 24.
25.
oktbr.

9. gr.

Farstjóri skal hafa í föst laun 3000 kr. á ári og auk þess 4% af öllum fargjöldum og farmeyri skipsins. Fargæzlumenn skulu hafa 500 kr. þóknun hvor á ári.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi sama dag og þau eru staðfest.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaluborg, 25. október 1895.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L S.)

J. Nellemann.

§ 9.

Nr. 24.
25de
Oktbr.

Driftsbestyreren oppebærer en fast Løn af 3000 Kr. aarlig og desuden 4% af den indbundne Passager- og Godsfragt. Hver af de tilsynshavende oppebærer et aarligt Honorar af 500 Kr.

§ 10.

Denne Lov træder i Kraft samme Dag, den er stadfæstet.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 25de Oktober 1895.

Ministeriet for Island, den 25de Oktober 1895.

J. Nellemann.

Olafur Halldórsson.